

Ed.

65. Frumvarp

til laga um að stofna slökkvilið í Hafnarfirði.

Flutningsmaður: Jens Pálsson.

1. gr.

Í Hafnarfirði skal stofna slökkvilið.

2. gr.

Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivelar og önnur slökkvilið. Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir að koma til brunans. Þeir eru skyldir að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir

slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, er að því lúta að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða takmarka, eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugjörð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir allt að 50 kr. fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Hafnarfjarðar.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þeirri, er getur um í 2. gr., skal farið með sem önnur lögreglumál.